




Reykjavík, 4. september 2025
USK25070068

Sigtún 42 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. júlí 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. júlí 2025 þar sem sótt erum leyfi til að byggja hjóla og sorpskýli á lóð nr. 42 við Sigtún.



Deiliskipulag



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Sigtúni borgarhluta 4 Laugardalur og er hluti af miðsvæði M2f Blómavalsreitur.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir reitinn, samþykkt í borgarráði 14. maí 1985, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 42 við Sigtún er skrifstofuhúsnæði byggð árið 1995.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir 68 m² hjóla- og sorpskýli á norðvestan megin við húsið á Sigtúni 42.

Í deiliskipulagi er ekki byggingarreitur fyrir umræddu húsi og skv. deiliskipulagi skal hámarksnýtingarhlutfall vera 0.35. Með húsinu yrði nýtingarhlutfall lóðarinnar ~0.37.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við umsækjandi sækja um breytingu á deiliskipulagi til þess að koma fyrir hjóla- og sorpskýli á lóðinni. Skoða þarf bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar vegna erindisins. Ekki hægt að samþykkja byggingarleyfi fyrr en gerð hefur verið breyting á deiliskipulagi.



Reykjavík



Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi áður en hægt er að gefa út byggingarleyfi.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri



Reykjavík